

Mál nr. 409/2022**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.****Nafn váttryggingartaka ábyrgðartryggingar (X)****Skaðabótaábyrgð. Vinnuslys.****Gögn.**

1. Málskot mótttekið 24. júní 2022, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 21. júlí 2022.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að hinn 6. nóvember 2018 hafi M slasast við störf sín hjá X. Hafi slysið atvikast þannig að til stóð að hífa stórt grjót upp á vörubílsfall bifreiðarinnar A, sem er í eigu fyrirtækisins Y, með krana sem áfastur var við bifreiðina. Þegar hífa átti grjótið upp á vörubílsfallinn var það verk M að koma öðru minna grjóti, undir stóra grjótið, til þess að hægt væri að festa keðjur utan um stóra grjótið, og hífa svo upp. Þegar M beygði sig eftir minna grjótinu, með bakið í stóra grjótið, hrökk önnur keðjan til við hífinguna með þeim afleiðingum að keðjan lenti á M sem rotaðist við höggið. Lögregla kom á vettvang og liggur skýrsla hennar dags. 9. nóvember 2018 fyrir í málinu. Jafnframt liggur fyrir umsögn Vinnueftirlitsins dags. 23. mars 2019. M hefur gert kröfu um bætur úr ábyrgðartryggingu X hjá V sem hafnaði bótaskyldu með tölvupósti dags. 7. janúar 2022.

M telur að orsök slyssins megi rekja til saknæmrar háttsemi X. Við framkvæmd verksins hafi M verið án öryggishjálms, enda hafi honum ekki verið útvegaður slíkur við framkvæmd verksins. Þá hafi ekkert áhættumat verið gert né áætlun um forvarnir. Þrátt fyrir að M hafi reynslu af sambærilegum verkum, verði illa séð hvernig reynsla hans hafi átt að nýtast til þess að forðast tjónið. Sá ásláttarbúnaður sem notaður var við hífinguna þegar slysið varð, var ekki viðurkenndur og bannaði Vinnueftirlitið notkun hans eftir slysið. Þannig verði að meta það X til sakar að M var falið að framkvæma verkið án öryggishjálms eða annars öryggisbúnaðar, með óöruggan og óviðurkenndan ásláttarbúnað, að ógleymdu því að ekkert áhættumat né skriflegar forvarnir höfðu verið gerðar. Máli sínu til stuðnings vísar M til nánar tilgreindra ákvæða laga nr. 46/1980 og reglugerða settra með stoð í lögunum. Hægt sé að álykta með nær óyggjandi hætti að líkur þess að M hefði orðið fyrir tjóni við rækslu starfs síns, hafi verið hverfandi, hafi ákvæðum laga nr. 46/1980 og reglna sem hafa verið settar út frá þeim, verið fylgt. Markmið áhættumats fyrir hættuleg störf er að greina hvaða hættur fylgja tilteknum verkþáttum með tilliti til öryggis og heilsu starfsmanna og jafnframt mæla skýrlega fyrir um hvaða verklagi skuli fylgt til að koma í veg fyrir eða draga úr hættu á slysum og hvað tæki skuli notuð. Telja verði að slysið hefði auðveldlega mátt fyrirbyggja.

V hafnar bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu X og byggir á því að slysið verði ekki rakið til saknæmra mistaka starfsmanna X eða saknæms vanbúnaðar sem X gat borið ábyrgð á gagnvart M. Vörubifreiðin, kraninn og annar búnaður sem notaður var við hífinguna var í eigu fyrirtækisins Y og starfsmaður þess aðila stjórnaði hífingunni. Verkinu var stjórnað af vörubílstjóranum sem var ekki starfsmaður X. Slysið verði því ekki rakið til saknæmrar háttsemi sem X ber ábyrgð á. Keðjan rakst utan í neðanverðan háls M og eru því ekki orsakatengsl milli slyssins og þess að hann valdi að nota ekki hjálm við verkið. Því síður er sýnt fram á orsakatengsl milli skorts á áhættumati og slyssins. Þá var flutningur grjótsins á ábyrgð Y og hefði það verið þeim aðila nær að gera áhættumat vegna verksins.

Í viðbótarathugasemdum sínum vísar M til þess að M hafi farið í grjótnámuna að fyrirmælum X og framkvæmt umrætt verk, hvar vörubílstjóri Y stjórnaði hífingu á grjótinu. Verkefni starfsmanns Y geti ekki talist svo sjálfstætt að umræddur verktaki verði talinn bera ábyrgð á tjóni M. Verkefnið var enda þáttur í meginstarfsemi X. Ekki verði séð hvernig skylda X til að er áhættumat geti flust yfir til verktaka, sér í lagi þegar litið er til þess að verkefni M var daglegur þáttur í starfi hans hjá X. Þá vísar M til þágildandi reglna nr. 497/1994 um notkun persónuhlífa, þar sem fram kemur í 6. mgr. 4. gr. að atvinnurekandi skuli láta persónuhlífar í té endurgjaldslaut og tryggja að þær séu í góðu lagi. Verður því ábyrgð á notkun persónuhlífa ekki velt yfir á M enda þær ekki í boði af hálfu X til handa M á slysdegi.

Álit.

Ágreiningur er uppi um það hvort sýnt sé fram á að líkamstjón M sé hægt að rekja til atvika eða aðstæðna sem vinnuveitandinn X beri skaðabótaábyrgð á. Í úrskurði nefndarinnar í máli nr. 71/2021 var fjallað um sama tjónsatvik en þar laut ágreiningur aðila að því hvort tjón M mætti rekja til notkunar skráningarskylds vélknúins ökutækis, sbr. 1. mgr. 88. gr. þágildandi umferðarlaga. Niðurstaða nefndarinnar í því máli var sú að tjónið yrði ekki rakið til notkunar bifreiðar og var bótaskylda úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar því ekki fyrir hendi. M beinir kröfunni nú að vinnuveitanda sínum, X og telur eins og fram kemur hér að framan að tjónið megi rekja til þess að M var falið að framkvæma verkið án öryggishjálms eða annars öryggisbúnaðar, með óöruggan og óviðurkenndan ásláttarbúnað auk þess sem ekkert áhættumat né skriflegar forvarnir voru til staðar vegna verksins.

Samkvæmt lögum nr. 46/1980 um aðbúnað og hollustuhætti á vinnustöðum hvílir sú skylda á atvinnurekanda að tryggja að gætt sé fyllsta öryggis og góðs aðbúnaðar og hollustuhátta á vinnustað. Samkvæmt 65. gr. laganna ber atvinnurekandi ábyrgð á að gerð sé skrifleg áætlun um öryggi og heilbrigði á vinnustað og skal áætlunin meðal annars fela í sér mat á áhættu samkvæmt ákvæði 65. gr. a í lögnum. Í þeirri grein er mælt fyrir um að við gerð áhættumats skuli sérstaklega litið til starfa þar sem fyrirsjáanlegt er að heilsu og öryggi þeirra starfsmanna sem sinna þeim sé meiri hætta búin en öðrum starfsmönnum. Einnig kemur fram að þegar áhættumat á vinnustað gefi til kynna að heilsu og öryggi starfsmanna er hætta búin skuli atvinnurekandi grípa til nauðsynlegra forvarna í þeim tilgangi að koma í veg fyrir hættuna eða, þar sem þess er ekki kostur, draga úr henni eins og frekast unnt er. Fyrir liggur að X hafði ekki framkvæmt slíkt áhættumat á því verki sem M var falið að framkvæma á slysdagi. Í umsögn Vinnueftirlitsins kemur fram að meðvirkandi orsök slyssins hafi verið skortur á skriflegur áhættumati og áætlun um forvarnir er varða umrædda vinnu. Í fyrirmælum um úrbætur er þess sérstaklega getið að gera skuli skriflega áætlun um öryggi og heilbrigði vegna verkþáttarins sem slysið var við og að hún eigi meðal annars að fela í sér sérstakt áhættumat með tilliti til öryggis og heilsu starfsmanna og áhættuþátta verið verkþáttinn. Þær skyldur atvinnurekanda sem taldar eru upp í lögum nr. 46/1980 hvíla skv. 1. mgr. 12. gr. á hverjum þeim sem rekur atvinnustarfsemi. Þar sem fleiri atvinnurekendur eiga aðild að starfsemi á sama vinnustað, skulu þeir og aðrir, sem þar starfa, sameiginlega stuðla að því að tryggja góðan aðbúnað, heilsusamleg og örugg starfsskilyrði á vinnustaðnum, sbr. 1. mgr. 17. gr. Er þannig ljóst samkvæmt lögnum að báðum aðilum, X og Y bar að gera áhættumat vegna verksins og tryggja örugg starfsskilyrði á vinnustaðnum þrátt fyrir að umsögn Vinnueftirlitsins beinist eingöngu að fyrirtækinu Y. Í ljósi umsagnar Vinnueftirlitsins telur nefndin rétt að X beri hallan af þeirri óvissu um hvort skriflegt áhættumat og nauðsynlegar forvarnir hefðu getað komið í veg fyrir slysið. Einnig má leiða að því líkur að orsakatengsl séu milli slyssins og þess að M var ekki með hjálm þrátt fyrir að áverkar hafi fyrst og fremst verið á hálsi M þar sem fram kemur í læknisvottorði dags. 10. desember 2019 að við skoðun á heilsugæslu þann 9. nóvember 2018, þremur dögum eftir slysið, var M með roða og sár vinstra megin á hálsi og upp á hnakka. Sárið var staðsett við hnakkafestuna. Þannig er það mat nefndarinnar að meiri líkur en minni eru fyrir því að hjálmur hefði a.m.k. getað takmarkað tjón M.

Með vísan til alls ofangreinds verður þannig talið að slysið megi rekja til atvika sem X ber skaðabótaábyrgð á. Ekki er sýnt fram á að M hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi í skilningi 23. gr. a skaðabótalaga nr. 50/1993.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum vegna vinnuslyss úr ábyrgðartryggingu X hjá V

Reykjavík, 22. febrúar 2023.

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir